



Reykjanesbær, 12. desember 2025

709. fundur bæjarstjórnar Reykjanesbæjar haldinn í Stapa, Hljómahöll
16. desember 2025, kl. 17:00

DAGSKRÁ

1. Fundargerðir bæjarráðs 4. og 11. desember 2025 (2025010003)
2. Fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs 5. desember 2025 (2025010011)
3. Fundargerð stjórnar eignasjóðs 3. desember 2025 (2025010010)
4. Fundargerð sjálfbærnisráðs 5. desember 2025 (2025010009)
5. Fundargerð velferðarráðs 11. desember 2025 (2025010012)
6. Fundargerð atvinnu- og hafnarráðs 11. desember 2025 (2025010004)
7. Fundargerð íþróttu- og tómstundaráðs 11. desember 2025 (2025010005)
8. Fundargerð menntaráðs 12. desember 2025 (2025010008)



Fundargerð

1541. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910,
4. desember 2025, kl. 08:15

Viðstaddir:

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Bjarni Páll Tryggvason, Guðbergur Reynisson, Margrét Þórarinsdóttir og Sverrir Bergmann Magnússon.

Að auki sátu fundinn Helga María Finnbjörnsdóttir áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Guðný Birna Guðmundsdóttir boðaði forföll, Sverrir Bergmann Magnússon sat fyrir hana. Margrét A. Sanders boðaði forföll, Guðbergur Reynisson sat fyrir hana.

Bæjarráð samþykkir 5-0 að taka á dagskrá málið **Aðalfundur Reykjaneshæjar (2025120060)**. Fjallað er um málið undir dagskrárlið 7 sem er tekinn til umræðu á undan dagskrárliði 6.

* * *

1. Málefni Golfklúbbs Suðurnesja (2024120279)

Unnar Steinn Bjarndal bæjarlögmaður og Hafþór B. Birgisson íþrótt- og tómstundafulltrúi mættu á fundinn.

Lagt fram gjafaafsal þar sem Reykjaneshæjar afsalar Golfklúbbs Suðurnesja eftirfarandi fasteignum: Golfskálanum við Hólmsvöll í Leiru (F2096000), aðstöðuhúsi (F2236660) og vélageymslu (F2236659) ásamt öllu því sem mannvirkjunum fylgir, án lóðarréttinda.

Bæjarráð samþykkir gjafaafsalið 5-0 og felur bæjarlögmanni að vinna áfram í málinu og Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra að undirrita gjafaafsalið fyrir hönd Reykjaneshæjar.

2. Húsnæðisáætlun Reykjaneshæjar 2026 (2025100081)

Gunnar Kr. Þ. Ottósson skipulagsfulltrúi og Pálmar Guðmundsson framkvæmdastjóri Fasteigna Reykjaneshæjar mættu á fundinn.

Lögð fram drög að Húsnæðisáætlun Reykjaneshæjar 2026.

3. ADHD samtökin - beiðni um samstarf og stuðning (2025110489)

Lagt fram erindi um fjárhagslegan stuðning og samstarf.

Bæjarráð þakkar fyrir erindið en getur því miður ekki orðið við beiðni um fjárhagslegan stuðning að þessu sinni. Bæjarráð leggur til að stjórnendur á mennta- og velferðarsviði Reykjanesbæjar kanni möguleika á samstarfi við ADHD samtökin.

4. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 14. nóvember 2025 (2025020043)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

5. Fundargerð stjórnar Brunavarna Suðurnesja 20. nóvember 2025 (2025020453)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Brunavarna Suðurnesja.

6. Ráðning sviðsstjóra menningar- og þjónustusviðs (2025080466)

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir (B), Sverrir Bergmann Magnússon (S), Guðbergur Reynisson (D) og Helga María Finnbjörnsdóttir (Y) véku af fundi undir þessu máli. Inn á fundinn kom Díana Hilmarsdóttir (B).

Geirlaug Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri Hagvangs og lðunn Kristín Grétarsdóttir mannauðsstjóri mættu á fundinn.

Þrír umsækjendur sem eftir stóðu að loknum viðtölum kynntu verkefni sem lögð voru fyrir þá.

Umsækjendum eru þakkaðar kynningarnar. Geirlaugu Jóhannsdóttur framkvæmdastjóra Hagvangs og lðunni Kristínu Grétarsdóttur mannauðsstjóra er falið að setja fram heildarmat á umsækjendum út frá öllum þáttum umsóknarferilsins og leggja fram á næsta fundi bæjarráðs.

7. Aðalfundur Reykjanes Geopark 8. desember 2025 (2025120060)

Lagt fram aðalfundarboð Reykjanes Geopark.

Bæjarráð felur Halldóru Fríðu Þorvaldsdóttur formanni bæjarráðs að fara með atkvæði Reykjanesbæjar á fundinum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:16.



Fundargerð

1542. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910 - Seltjörn,
11. desember 2025, kl. 08:15

Viðstaddir:

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Bjarni Páll Tryggvason, Gunnar Felix Rúnarsson, Margrét A. Sanders og Sverrir Bergmann Magnússon.

Að auki sátu fundinn Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri, Helga María Finnbjörnsdóttir áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Guðný Birna Guðmundsdóttir boðaði forföll, Sverrir Bergmann Magnússon sat fyrir hana. Margrét Þórarinsdóttir boðaði forföll, Gunnar Felix Rúnarsson sat fyrir hana.

* * *

1. Hrafnista Nesvöllum - samningur um rekstur hjúkrunarrýma (2025120123)

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs og Regína Fanný Guðmundsdóttir sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs mættu á fundinn.

Lögð fram drög að samningi milli Reykjaneshæjar og Hrafnistu um rekstur 60 hjúkrunarrýma á Nesvöllum.

Bæjarráð samþykkir framlagðan samning sem felur í sér hækkun á daggjaldi í 80% frá 1. janúar 2026 og í 100% frá 1. janúar 2027 sem er í samræmi við samninga við flest önnur hjúkrunarheimili.

Bæjarráð felur Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra að undirrita samninginn.

2. Þjónustumiðstöð Nesvöllum - lok samkomulags um rekstur og starfsemi (2023020654)

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs og Regína Fanný Guðmundsdóttir sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs mættu á fundinn.

Lögð fram drög að samkomulagi um lok samkomulags um rekstur og starfsemi þjónustumiðstöðvar á Nesvöllum, rekstur Hrafnistu á eldhúsi frá og með 15. desember 2025 og ræstingu frá og með 1. janúar 2026.

Bæjarráð felur Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra að undirrita samninginn.

3. Gamla búð (2025020331)

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs og Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu mættu á fundinn.

Lagt fram minnisblað. Samantekt úr viðtölum við þá aðila sem vilja hefja rekstur í Gömlu búð.

Bæjarráð felur sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs og deildarstjóra eignaumsýslu að óska eftir frekari upplýsingum í samræmi við umræður á fundinum.

4. Leiðandi sveitarfélag - erindi Grindavíkurbæjar og Grindavíkurnefndar (2025120125)

Lagt fram erindi frá Grindavíkurbæ og Framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavík (Grindavíkurnefnd) um viðræður um mögulegt samstarf í málefnum félagsþjónustu, barnavernd, leik- og grunnskólamál og framkvæmd farsældarlaga vegna Grindvíkinga þar sem Reykjanesbær taki að sér hlutverk leiðandi sveitarfélags.

Bæjarráð felur Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra að vinna áfram í málinu.

5. Körfuknattleiksdeild U.M.F.N - umsókn um tækifærisleyfi (2025120087)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

6. Fjárskyn ehf. (Dubliner) - umsókn um tækifærisleyfi (2025120090)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

7. Fundargerð stjórnar eignasjóðs 3. desember 2025 (2025010010)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Eignasjóðs.

8. Fundargerð stjórnar Kölku sorpeyðingarstöðvar 29. október 2025 (2025010370)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Kölku.

9. Fundargerð stjórnar Almannaþingarinnar Suðurnesja utan Grindavíkur 3. desember 2025 (2025030040)

Lögð fram til kynningar fundargerð Almannaþingarinnar Suðurnesja utan Grindavíkur.

10. Stjórnarfundur Tjarnargötu 12 ehf. (2025020046)

Regína F. Guðmundsdóttir sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs mætti á fundinn.

Á fundi stjórnar Tjarnargötu 12 ehf. þann 9. október 2025 var samþykkt að leita fjármögnunar á framkvæmdum Ráðhúss Reykjanesbæjar við Tjarnargötu 12 á grundvelli tilboðsverðs útboðs sem fram hefur farið og samþykkt hefur verið ásamt tilboðsverði á innréttingum sem ekki hefur farið fram og ófyrirséðum kostnaði.

Lagt er fram minnisblaði um tilboð sem bárust í fjármögnun á framkvæmdum Tjarnargötu 12.

Stjórn Tjarnargötu 12 ehf. samþykkir lántöku að hámarki upphæð 747 m.kr. og felur fjármálastjóra að leita hagstæðustu kjara.

11. Umsagnarmál í samráðsgátt - endurskoðun stjórnvaldsfyrirmæla um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga eftir setningu laga nr. 56/2025 (2025010342)

Endurskoðun stjórnvaldsfyrirmæla um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga eftir setningu laga nr. 56/2025. <https://island.is/samradsgatt/mal/4127>

Umsagnarmál lagt fram.

Bæjarráð felur Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra að senda inn umsögn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:45



Fundargerð

378. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910
5. desember 2025, kl. 08:15

Viðstaddir: Róbert Jóhann Guðmundsson formaður, Eysteinn Eyjólfsson, Guðbergur I. Reynisson, Margrét Þórarinsdóttir og Helga María Finnbjörnsdóttir.

Að auki sátu fundinn Andrea Elísabet Ragnarsdóttir fulltrúi ungmennaráðs, Gunnar Kristinn Ottósson skipulagsfulltrúi, Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs, Erla Bjarný Gunnarsdóttir lögfræðingur, Sveinn Björnsson byggingarfulltrúi, Margrét Lilja Margeirsdóttir deildarstjóri umhverfismála og Erna María Svavarsdóttir ritari.

* * *

1. Reykjaneshbraut - breyting á aðalskipulagi (2019060056)

Kynningartíma fyrir breytingu á aðalskipulagi Reykjaneshæjar 2020-2035 er lokið. Farið var yfir m.a. skipulags- og matslýsing á breytingu á aðalskipulagi Reykjaneshæjar 2020-2035 frá VSÓ ráðgjöf, dagsett í september 2025, vegna fyrirhugaðrar tvöföldunar Reykjaneshbrautar. Viðbrögð við athugasemdum lögð fram.

Erindi frestað.

2. Fitjabraut og Fitjabakki - gangandi og hjólandi umferð (2025090263)

Tillögur að öruggum gönguleiðum um svæðið lagðar fram.

Umhverfis- og skipulagsráð heimilar að hannað verði hringtorg á Njarðarbraut við Bergás með öruggri þverun fyrir gangandi og hjólandi og tengingu við göngustíga inn á Fitjabakka og Fitjar. Mjög mikilvægt er að flýta þessari vinnu.

3. Umferðaröryggi í Reykjaneshæ (2025110307)

Lögreglan á Suðurnesjum leggur til breytingar á hámarkshraða á götum Reykjaneshæjar. Minnisblað og umsagnir um breytingar á umferð lagt fram.

Umhverfis- og skipulagsráð tekur vel í breytingu á umferðarhraða á götum Reykjaneshæjar og felur Margéti Lilju Margeirsdóttur að vinna málið áfram með lögreglunni á Suðurnesjum.

4. Njarðarbraut milli Norður- og Suður-Fitja - deiliskipulag (2025110452)

Óskað er heimildar til vinnslu tillögu að deiliskipulagi fyrir Njarðarbraut. Skipulagssvæðið nær frá gatnamótum við Grænás að Vallarás.

Umhverfis- og skipulagsráð veitir heimild til vinnslu tillögu að deiliskipulagi fyrir svæðið.

5. Fjölbrautaskóli Suðurnesja - deiliskipulag (2019090479)

JeES arkitektar f.h. Framkvæmdasýslu ríkisins leggur fram tillögu að breytingu á deiliskipulagi vegna stækkunar Fjölbrautaskólans á Suðurnesjum með nýbyggingu sem er 2 hæðir og kjallari, allt að 4860 m². Lóðamörkum Sunnubrautar 32 og 36 er einnig breytt skv. uppdrætti dags. 28. nóvember 2025. Deiliskipulagstillaga var auglýst en breytt í veigamiklum atriðum að auglýsingatíma liðnum. Óskað er heimildar til að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Umhverfis- og skipulagsráð heimilar auglýsingu tillögu að breyttu deiliskipulagi.

6. Valhallarbrautarreitir (2025110457)

Með erindi sínu óskar Kadeco eftir heimild Reykjaneshæjar til að vinna deiliskipulag að reit sem fái vinnuheitið Valhallarbrautarreitir. Kadeco hafa borist fyrirspurnir frá sumum fasteignaeigendum og lóðarhöfum um auknar byggingarheimildir á Valhallarbrautarreit í Ásbrú á undanförunum mánuðum. Um er að ræða svæði þar sem er íbúðarbyggð að mestu leyti í smáíbúðum, bæði eignar- og leiguíbúðum. Það er mat Kadeco að fýsilegast sé að skipuleggja svæðið sem eina heild í samvinnu og samráði við lóðarhafa.

Umhverfis- og skipulagsráð veitir heimild til vinnslu tillögu að deiliskipulagi í samráði við skipulagsfulltrúa en telur ekki forsendur fyrir því að veita afslátt af gatnagerðargjöldum.

7. Njarðvíkurhöfn - framkvæmdaleyfi (2023080391)

Vegagerðin leggur fram breytta tímaáætlun framkvæmdar við Njarðvíkurhöfn og óskar framlengingar á framkvæmdaleyfi til samræmis.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir erindið.

8. Dalshverfi III - deiliskipulagsbreyting (2025110509)

Óskað er eftir breytingu á deiliskipulagi er felur í sér að í stað reita fyrir sorpgeymslu/sorpflokkun inni á miðri lóð koma reitir götumegin við öll húsin. Að öðru leiti gilda skilmálar núgildandi deiliskipulags. Þessi breyting á deiliskipulagi á eingöngu við um lóðina L233014 en svæðið afmarkast af Risadal, Drekaðal, Huldudal og Jötundal.

Umhverfis- og skipulagsráð telur að breytingin á deiliskipulagi varði ekki hagsmuni annarra en sveitafélagsins og umsækjanda og samþykkir því breytinguna skv. 44. grein skipulagslaga málsgrein 3.

9. Greniteigur 41 - grenndarkynning (2025090306)

Jón Björgvin Björnsson óskar heimildar til að reisa viðbyggingu við hús sitt sem felst í að byggja ofan á svalir sbr. uppdrátt Glóru dags. 3. október 2025. Umsögn eiganda að Greiniteigi 39 liggur fyrir.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir erindið með fyrirvara um að framkvæmdin komi ekki í veg fyrir eðlilegt viðhald á húsinu sbr. athugasemd.

10. Sjónarhóll 6 - breyting á lóð (2025110054)

Óskað er endurupptöku máls því of langur tími hefur liðið frá afgreiðslu og að gengið var frá skipulagsgögnum.

Umhverfis- og skipulagsráð telur að breytingin á deiliskipulagi varði ekki hagsmuni annarra en sveitafélagsins og umsækjanda og samþykkir því breytinguna skv. 44. grein skipulagslaga málsgrein 3.

11. Suðurgata 1 - bílskúr (2025110405)

Ezzedin Mousa Silwan sækir um leyfi til að byggja bílageymslu við Suðurgötu 1, 230 Reykjanesbæ. Byggingin er bílageymsla á einni hæð með salerni og geymslulofti. Byggingin er byggð upp með tvíhalla þaki, gólfplata er steinsteypt sbr. uppdrátt Verkfræðistofu Suðurnesja dags 21. nóvember 2025.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir umsóknina með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda skv. 44. grein skipulagslaga málsgrein 2.

12. Holtsgata 31 (2025110360)

Hjörleifur Már Jóhannsson óskar eftir heimild til að tengja saman hús og bílskúr að aftanverðu með viðbyggingu sbr. uppdrátt Riss dags 5. september 2025.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir umsóknina með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda skv. 44. grein skipulagslaga málsgrein 2.

13. Fuglavík 27 - breyting á byggingareit (2025110266)

HT Fasteignir ehf. óskar eftir óverulegri breytingu á byggingareit sbr. uppdrátt Riss dags 15. ágúst 2025.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir umsóknina með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda skv. 44. grein skipulagslaga málsgrein 2. Ráðið heimilar að stytta tímabil grenndarkynningar ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta, skv. 44. grein skipulagslaga málsgrein 3. hafa lýst skriflega yfir með áritun sinni á kynningargögn áður en fjórar vikur eru liðnar að þeir geri ekki athugasemdir við skipulagstillöguna eða hina leyfisskyldu framkvæmd.

14. Hafnargata 21 - nýbygging (2025090328)

Höður ehf. óskar heimildar til að byggja þrjár hæðir ofan á núverandi verslunarhúsnæði og byggja þar íbúðir til útleigu til 30 daga eða skemur sbr. uppdrætti Glóru dags 14. október 2025.

Unnið er að aðalskipulagsbreytingu fyrir svæðið og vinnslutillaga deiliskipulags Hafnargötu – Ægisgötu er í kynningu. Erindi frestað. Umhverfis- og skipulagsráð felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram.

15. Stapabraut 15 - afturköllun lóðar (2025100065)

Þann 12. apríl 2011 úthlutaði umhverfis- og skipulagsráð lóðinni Stapabraut 15. Á síðastliðnum 14 árum hefur ekki verið byggt á lóðinni, opinber gjöld hafa ekki verið greidd ásamt því að sveitarfélagið gerði aldrei lóðarleigusamning um lóðina. Sá aðili sem nú telur sig hafa lóðarréttindi óskar eftir að þau verði staðfest og hann fái heimild til uppbyggingar á lóðinni. Lóðin er á opnu svæði skv. deiliskipulagi samþykktu 16. mars 2004 en í aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035 er það skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði VP12.

Erindi frestað.

16. Heilbrigðisstofnun Suðurnesja - bílastæði (2024070281)

Húsnæðisnefnd HSS leggur til að þúttvöllurinn milli Skólavegar og Mánagötu verði færður yfir í Skrúðgarðinn og útbúið vel merkt og upplýst bílastæði þar sem þúttvöllurinn er nú staðsettur. Óskað var umsagnar bæjaráðs í umboði fyrir bílastæðasjóð. Bæjarráð telur tillöguna í framlögðu erindi ekki vera góðan kost og óskar eftir að umhverfis- og framkvæmdasvið vinni að því að finna heppilegri lausn í samvinnu við húsnæðisnefnd HSS. Bæjarráð fól Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra að vinna áfram í málinu sbr. bókun dags. 20. nóvember 2025.

Það samræmist ekki ásýnd hverfisins að breyta umræddu opnu svæði í bílastæði. Erindi hafnað. Umhverfis- og skipulagsráð er sem fyrr reiðubúið að leita lausna með HSS sbr. afgreiðslu í 4. máli 354. fundar umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar.

17. Álfadalur 1-7 - erindi til skipulagsfulltrúa (2025110121)

Brynja leigufélag ses. sækir um lóðina Álfadalur 1-7. Í samstarfi við Reykjanesbæ hefur félagið áform um að reisa 7 íbúða raðhús fyrir öryrkja á lóðinni. Einnig er óskað eftir heimild til að gera breytingu á deiliskipulagi umræddrar lóðar til samræmis við fyrirhuguð áform. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir fjórum íbúðaeiningum á lóðinni en óskað er eftir að fjölga þeim um þrjár. Gert er ráð fyrir að hver íbúðaeining verði um 68-74 m² að stærð sem er sú eining sem hentar einna best og mest eftirspurn er eftir hjá Brynju leigufélagi. Heildarbyggingarmagn fyrir 7 íbúðaeiningar er áætlað um 550 m².

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir lóðarumsókn. Heimild er veitt til að vinna tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga.

18. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa nr. 391 og 392 (2025010022)

Fundargerðir 391. og 392. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa.

Lagt fram.

19. Fundargerð skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar 25. nóvember 2025 (2025020088)

Fundargerð 138. fundar skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar.

Lagt fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:06.



Fundargerð

23. fundur stjórnar Eignasjóðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910
3. desember 2025, kl. 08:00

Viðstaddir: Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Birgir Már Bragason, Guðmundur Björnsson, Sigurður Garðarsson og Harpa Björg Sævarsdóttir.

Að auki sátu fundinn Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu, Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

Grétar I. Guðlaugsson boðaði forföll.

* * *

1. Skipulag eignaumsýslu Reykjaneshæjar og viðhaldsteymi (2025100212)

Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu lagði fram minnisblað um endurskipulagningu viðhalds á fasteignum Reykjaneshæjar og stofnun viðhaldsteyma.

Stjórn eignasjóðs styður breytingar á skipulagi eignaumsýslu og að komið verði á viðhaldsteymum í samstarfi við sviðsstjóra annarra sviða. Deildarstjóra eignaumsýslu er falið að vinna málið áfram.

2. Stjórn eignasjóðs - skipulag funda 2026 (2025010010)

Áætlun um skipulag funda stjórnar eignasjóðs fyrir árið 2026 lögð fram.

3. Myllubakkaskóli – staða framkvæmda (2021050174)

Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu fór yfir stöðu framkvæmda og kostnaðar við Myllubakkaskóla ásamt framtíðaráætlun til að ljúka verkinu.

4. Holtaskóli – staða framkvæmda (2022120120)

Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu fór yfir stöðu framkvæmda og kostnaðar við Holtaskóla ásamt framtíðaráætlun til að ljúka verkinu.

5. Íbúapróun og innviðauppbýgging - áskoranir til 2035 (2025080341)

Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu fór yfir íbúapróun Reykjaneshæjar og þau verkefni sem hafa fylgt stækkandi bæjarfélagi með auknum framkvæmdum við mannvirkjagerð til að mæta innviðapörfum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:58.



Fundargerð

66. fundur sjálfbærniráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Grænásbraut 910
5. desember 2025, kl. 08:15

Viðstaddir: Þóranna Kristín Jónsdóttir varaformaður, Athena Júlía Józefudóttir, Guðni Ívar Guðmundsson, Hjörtur Magnús Guðbjartsson og Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir.

Að auki sátu fundinn, Anna Karen Sigurjónsdóttir sjálfbærnifulltrúi og Stefanía Gunnarsdóttir ritari.

Guðný Birna Guðmundsdóttir formaður boðaði forföll og sat Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir fundinn í hennar stað.

Bryndís Ólína Skúladóttir fulltrúi ungmennaráðs boðaði forföll.

* * *

1. Ljósvisistarstefna Reykjanesbæjar - drög til umsagnar (2025090508)

Aron Heiðar Steinsson veitustjóri mætti á fundinn og kynnti ljósvisistarstefnu Reykjanesbæjar, en umhverfis- og skipulagsráð óskar eftir umsögn um stefnuna.

Sjálfbærniráð þakkar greinagóða kynningu og fagnar frumkvæði Arons Heiðars Steinssonar veitustjóra. Ráðið gerir ekki athugasemdir og hvetur bæjarráð til að taka málið áfram.

2. Lýðræðisleg þátttaka innflytjenda (2023030124)

Eydís Rós Ármannsdóttir verkefnastjóri fjölmenningar mætti á fundinn og Magnea Marinósdóttir, alþjóðastjórnmálafræðingur og sérfræðingur í jafnréttismálum, kom inn á fundinn í gegnum fjarfundabúnað. Þær kynntu verkefnið sem snýr að því að auka lýðræðislega þátttöku innflytjenda.

Sjálfbærniráð þakkar greinagóða kynningu. Ráðið tekur vel í erindið og telur verkefnið vera í samræmi við áherslur í málaflokknum. Mælt er með að Reykjanesbær taki þátt í verkefninu.

3. Kolefnisspor Suðurnesja (2021010385)

Sjálfbærniuppgjör Reykjanesbæjar og Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum fyrir árið 2024 lögð fram.

Anna Karen Sigurjónsdóttir sjálfbærnifulltrúi fór yfir helstu atriði skýrslunnar og breytingar milli ára.

4. Samræmd flokkun starfsstöðva Reykjanesbæjar (2023110097)

Sjálfbærniráð ítrekar mikilvægi þess að samræmd flokkun verði tekin upp í öllum stofnunum sveitarfélagsins í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs. Ráðið hvetur bæjarstjóra, Kjartan Már Kjartansson, til þess að fylgja málinu eftir með stjórnendum sveitarfélagsins.

5. Umhverfis Ísland – 10 tonn af textíl á dag (2025120054)

„10 tonn af textíl“ er vitundarvakning til að vekja almenning til umhugsunar um magn, gæði og notkun textíls. Markmiðið er fyrst og fremst að hvetja fólk til að kaupa minna og nýta betur þann textíl sem það á. Vitundarvakningin er samstarfsverkefni á vegum Saman gegn sóun og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Málinu frestað til næsta fundar sjálfbærniráðs.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:16



Fundargerð

449. fundur velferðarráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Nesvöllum
11. desember 2025, kl. 13:00

Viðstaddir: Sigurrós Antonsdóttir formaður, Andri Fannar Freysson, Ásta Kristín Guðmundsdóttir, Birna Ósk Óskarsdóttir og Eyjólfur Gíslason.

Að auki sátu fundinn Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, teymisstjóri virkni- og ráðgjafarteymis og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Nesvellir - þjónustumiðstöð (2023070388)

Margrét Arnbjörg Valsdóttir, teymisstjóri öldrunar- og stuðningsþjónustu, sýndi fulltrúum í velferðarráði mögulega framtíðaraðstöðu sameinaðra dagdvala. Einnig gerði hún grein fyrir breyttu samstarfi við Hrafnistu varðandi rekstur og starfsemi í þjónustumiðstöðinni að Nesvöllum.

2. Samræmd móttaka flóttafólks – viðauki við samning (2022020555)

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs gerði grein fyrir stöðu málsins.

Velferðarráð samþykkir III. viðauka þjónustusamnings milli félags- og húsnæðismálaráðuneytis, Vinnumálastofnunar og Reykjaneshæjar, um samræmda móttöku flóttafólks.

Velferðarráð tekur eftir stefnubreytingu varðandi samsetningu íbúa í sveitarfélaginu eftir að samningum um alþjóðlega vernd var sagt upp. Ráðið lýsir yfir vonbrigðum með að Vinnumálastofnun hafi sagt upp samningi við Reykjaneshæ um Friðheima. Velferðarráð óskar eftir fundi með Vinnumálastofnun, félags- og húsnæðismálaráðuneytinu og dómsmálaráðuneytinu varðandi framtíðarsýn þeirra í málefnum flóttafólks og áhrif þess á sveitarfélagið. Ráðið telur það samráðsleysi sem verið hefur í málaflokknum óásættanlegt og er brýnt að bæta þar úr.

3. Reglur um félagslegt húsnæði - endurskoðun (2022010182)

Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, teymisstjóri virkni- og ráðgjafarteymis, lagði fram lokadrög að reglum um félagslegt leiguhúsnæði í Reykjaneshæ.

Velferðarráð samþykkir reglurnar og vísar þeim til yfirlustrar bæjarlögmanns.

4. Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning - endurskoðun (2022010182)

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs fór yfir leiðbeiningar félags- og húsnæðismálaráðuneytinu fyrir sveitarfélög um framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðning og lagði til að Reykjanesbær endurskoði reglur sveitarfélagsins um sérstakan húsnæðisstuðning í samræmi við leiðbeiningarnar.

Velferðarráð samþykkir að farið verði í endurskoðun á reglunum. Sviðsstjóra velferðarsviðs og teymisstjóra virkni- og ráðgjafarteymis er falið að vinna málið áfram og leggja uppfærðar reglur fram á næsta fundi ráðsins.

5. Fjárhagsaðstoð og sérstakur húsnæðisstuðningur - tölulegar upplýsingar (2025020181)

Tölulegar upplýsingar vegna fjárhagsaðstoðar og sérstaks húsnæðisstuðnings í nóvember 2025 lagðar fram.

Fjárhagsaðstoð

Í nóvember 2025 fengu 184 einstaklingar greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu frá Reykjanesbæ.

Alls voru greiddar 32.999.122 kr. í fjárhagsaðstoð til framfærslu eða að meðaltali um 179.353 kr. á hvern einstakling. Fjöldi barna á framfæri foreldra/forráðamanna á fjárhagsaðstoð voru 39.

Í nóvember 2024 fengu 195 einstaklingar greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu frá Reykjanesbæ. Alls voru greiddar 31.619.668 kr. í fjárhagsaðstoð til framfærslu eða að meðaltali 162.152 kr. á hvern einstakling. Fjöldi barna á framfæri foreldra/forráðamanna á fjárhagsaðstoð voru 59.

Sérstakur húsnæðisstuðningur

Í nóvember 2025 fengu 282 einstaklingar greiddan sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélagsins. Samtals voru greiddar 6.507.763 kr.

Í sama mánuði 2024 fengu 268 einstaklingar greiddan sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélagsins, samtals 6.763.854 kr.

Áfrýjunarnefnd

Í nóvember 2025 voru haldnir 2 fundir í áfrýjunarnefnd og 12 erindi lögð fyrir nefndina. 7 erindi voru samþykkt og 5 erindum var synjað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:21.



Fundargerð

303. fundur atvinnu- og hafnarráðs Reykjaneshafnar haldinn á skrifstofu
Reykjaneshafnar að Víkurbraut 11, 11. desember 2025, kl. 16:00

Viðstaddir: Hjörtur Magnús Guðbjartsson formaður, Alexander Ragnarsson, Kristján Jóhannsson, Sigurður Guðjónsson og Jón Már Sverrisson.

Að auki sat fundinn Halldór Karl Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs.

* * *

1. Staða atvinnulífs á Suðurnesjum (2025120109)

Guðjón Skúlason, Guðbergur Reynisson, Heiðar H. Eiríksson og Ingvar Eyfjörð frá Samtökum atvinnurekenda á Reykjanesi og Agnar Áskelsson frá Meistarafélagi byggingarmanna á Suðurnesjum mættu á fundinn.

Farið var yfir stöðu atvinnulífsins, jafnt á Suðurnesjum sem og á landsvísu, út frá nýjustu tölum um atvinnuleysi og rekstrarumhverfi fyrirtækja.

Atvinnu- og hafnarráð þakkar gestum fundarins fyrir komuna og þá innsýn sem þeir hafa gefið í stöðu atvinnulífsins á Suðurnesjum. Viða um land hafa orðið áföll í atvinnulífinu með tilheyrandi atvinnuleysi á viðkomandi stöðum og hefur Reykjaneshafnar ekki farið varhluta af því. Þessi staða veldur áhyggjum og við henni verður að bregðast. Skylda opinberra aðila er að skapa það umhverfi sem til þarf svo atvinnulífið megi dafna til hagsbóta fyrir íbúana og samfélagið. Sveitarfélögin þurfa að huga vel að skipulagsmálum, innviðum sveitarfélagsins og hagrænum hvötum í nærumhverfinu meðan ríkisvaldið þarf að sjá um almenna innviðauppbýggingu á landinu í heild, skapa réttlátt laga- og reglugerðarumhverfi, auk þess að gæta þess að efnahagsumhverfið sé hagstætt.

Í ágúst sl. samþykkti bæjarstjórn Reykjaneshafnar atvinnustefnu fyrir sveitarfélagið sem er leiðarvísir um þá atvinnuuppbyggingu sem horfa skal til í framtíðinni. Atvinnu- og hafnarráð leggur áherslu á að bæjarfélagið tryggi áfram góð skilyrði til atvinnuuppbyggingar og hvetur jafnframt ríkisvaldið til þess að huga að sínum þáttum og tryggja efnahagslegan stöðuleika í framtíðinni svo snúa megi núverandi þróun í rétta átt.

Samþykkt er að atvinnu- og hafnarráð fundi reglulega með fulltrúum atvinnulífsins í framtíðinni.

2. Gjaldskrá Reykjaneshafnar 2026 (2025120110)

Farið var yfir drög að gjaldskrá Reykjaneshafnar vegna ársins 2026. Breytingar frá núverandi gjaldskrá byggjast á þróun á einstökum vísitölum og kostnaðarhækkunum.

Atvinnu- og hafnarráð samþykkir fyrirbyggjandi drög að gjaldskrá Reykjaneshafnar vegna ársins 2026 og að gjaldskráin taki gildi 1. janúar 2026.

3. Fjármál Reykjaneshafnar (202512011)

Reykjaneshöfn er með yfirdráttarheimild hjá viðskiptabanka hafnarinnar upp á 20 milljónir króna sem rennur út þann 31. desember nk.

Atvinnu- og hafnarráð samþykkir að óska eftir því við viðskiptabanka hafnarinnar að núverandi yfirdráttarheimild verði framlengd til 31. desember 2026.

4. Starfsáætlun atvinnu- og hafnarsviðs 2026 (2025120113)

Farið var yfir drög að starfsáætlun atvinnu- og hafnarsviðs fyrir árið 2026.

5. Njarðvíkurhöfn - brimvarnargarður (2023080391)

Á 301. fundi atvinnu- og hafnarráðs þann 22. október sl. var samþykkt að bjóða út byggingu 470 metra brimvarnargarðs sunnan við Njarðvíkurhöfn og var tilboðsfrestur til 2. desember sl. Níu tilboð bárust, þar af fjögur undir kostnaðaráætlun. Vegagerðin er ráðgjafi Reykjaneshafnar við þessa framkvæmd og hefur lagt til að gengið verði til samninga við Íslenska aðalverktaka hf., sem lægstbjóðanda á grundvelli tilboðs þeirra.

Atvinnu- og hafnarráð samþykkir fyrirbyggjandi tillögu Vegagerðarinnar og felur Halldóri K. Hermannssyni sviðsstjóra atvinnu- og hafnarsviðs að fylgja eftir framkvæmd málsins.

6. Njarðvíkurhöfn - skipulag (2025110300)

Með hliðsjón af þeirri uppbyggingu sem fyrirhuguð er í Njarðvíkurhöfn á komandi árum hefur atvinnu- og hafnarráð fengið Stefán Gunnar Thors, sviðsstjóra umhverfis og skipulags hjá VSÓ-ráðgjöf, til að undirbúa og leiða þá skipulagsvinnu sem þarf að vinna svo að af framkvæmdinni geti orðið.

Atvinnu- og hafnarráð felur Halldóri K. Hermannssyni sviðsstjóra atvinnu- og hafnarsviðs að óska eftir heimild umhverfis- og skipulagsráðs að Reykjaneshöfn hefji vinnu við breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagi vegna fyrirhugaðrar stækkunar hafnarsvæðis Njarðvíkurhafnar (svokallaðrar A-afmörkunar).

Jafnframt er óskað eftir að samgöngutengingar við hafnarsvæðið verði teknar til skoðunar og tryggt að skipulagsvinnan verði í samræmi við heildarskoðun Reykjanesbæjar á samgöngumálum á svæðinu.

Gert er ráð fyrir að kynning á skipulagslýsingu og vinnslutillögu ofangreindra breytinga verði sameinuð í einni málsmeðferð.

Að lokum er óskað eftir því að atvinnu- og hafnarráð fái að leiða skipulagsvinnuna í nánu og góðu samráði við umhverfis- og skipulagsráð.

7. Helguvíkurhöfn - Suðurbakki (2024040273)

Lagt fram undirritað samstarfssamkomulag milli utanríkisráðuneytisins, Reykjanesbæjar og Reykjaneshafnar, dags. 27. nóvember 2025, en atvinnu- og hafnarráð samþykkti viðkomandi samkomulag á 301. fundi sínum þann 22. október sl. Í tengslum við þá uppbyggingu sem felst í samkomulaginu þarf að fara í ákveðna skipulagsvinnu á svæðinu.

Atvinnu- og hafnarráð felur Halldóri K. Hermannssyni sviðsstjóra atvinnu- og hafnarsviðs að óska eftir heimild umhverfis- og skipulagsráðs að Reykjaneshöfn hefji vinnu við breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagi vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á Suðurbakka Helguvíkurhafnar.

Í breytingum felast breytingar á aðal- og deiliskipulagi þar sem lóðin Stakksbraut 4 er ætluð fyrir olíubirgðastöð, hún stækkuð og legu hennar breytt, auk þess sem gert er ráð fyrir nýjum viðlegukanti á Suðurbakka og kvöðum um lagnaleið. Lóðin verður alfarið innan hafnarsvæðis H1 í aðalskipulagi og að reitur l10 verður felldur niður auk þess sem reitur l8 verði færður til eða felldur niður þannig að hafnarsvæðið rúmi lóðina.

Að lokum er óskað eftir því að atvinnu- og hafnarráð fái að leiða skipulagsvinnuna í nánu og góðu samráði við umhverfis- og skipulagsráð.

8. Framtíðarsýn Reykjaneshafnar 2035 (2025080301)

Farið yfir drög að framtíðarsýn Reykjaneshafnar til 2035.

9. Samgönguáætlun 2026-2040 (2025120114)

Lögð hefur verið fram á alþingi tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2026–2040 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2026–2030. Í samgönguáætlun koma fram þær áherslur sem ríkissjóður hefur varðandi uppbyggingu á innviðum landsins.

Atvinnu- og hafnarráð lýsir yfir miklum vonbrigðum með þær vegaframkvæmdir sem Vegagerðin ber ábyrgð á hér í Reykjaneshafni og nauðsynlegar eru fyrir uppbyggingu atvinnulífs á svæðinu.

Almennt byggir atvinnulífið á greiðum og öruggum samgöngum og tryggja þarf að atvinnulífið í Reykjaneshafni búi við slíka grunninnviði. Ein af stærri fjárfestingum í nýjum atvinnutækifærum er nú í gangi úti á Reykjaneshafni þar sem nú er unnið að stóru auknum framleiðsluþætti sem krefst mikilla þungaflutninga. Innan sveitarfélagsmarka er Nesvegurinn sem tengir fjölþætta og vaxandi atvinnustarfsemi á Reykjaneshafni við Hafnarveg og þaðan inn í bæjarfélagið. Fyrirsjáanlegt er að vegurinn mun ekki bera verulega aukinn umferðarþunga og nauðsynlegt að huga strax að framkvæmdum við veginn svo hann teljist öruggur innviður. Vegurinn er jafnframt mikilvæg tenging við Grindavík og þaðan yfir á Suðurstrandarveg. Þar er um að ræða öxulás atvinnuuppbyggingar og tækifæra í ferðaþjónustu á Reykjaneshafni en ekki síst almannavarnarinnvið fyrir íbúa Reykjaness. Vetrarþjónusta á þessari mikilvægu innviðatengingu er óásættanleg en vegurinn er takmarkað þjónustaður í 3 daga í viku, þrátt fyrir að á athafnasvæðinu sé starfsemi alla daga ársins, allan sólarhringinn.

Í ljósi þessa skorar atvinnu- og hafnarráð Reykjaneshafnar á Vegagerðina að koma Nesvegi strax í fulla vetrarþjónustu og að Vegagerðin tryggi að þessi mikilvæga samgöngutenging geti borið þá miklu umferð sem iðnaður, ferðaþjónusta og almannavarnarhlutverk krefst. Fyrirséð er að umferð um veginn mun halda áfram að stóru aukast og þar af leiðandi mikilvægi hans á komandi misserum og er Vegagerðin hvött til að huga strax að frekari uppbyggingu þessa mikilvæga innviðar.

Atvinnu- og hafnarráð lýsir einnig vonbrigðum sínum með að óskum Reykjaneshafnar varðandi stuðning við hafnarframkvæmdir í framlagðri samgönguáætlun séu ekki í samræmi við fyrirhugaðan uppbyggingartíma. Þó ber að fagna að gert er ráð fyrir stuðningi í áætluninni við uppbyggingu í Helguvíkurbær og Njarðvíkurbær þó svo sá stuðningur sé áætlaður seinna en fyrirhuguð uppbygging. Mikil atvinnuuppbygging á sér nú stað á iðnaðarsvæðinu í Helguvík sem mun kalla á stóru aukna starfsemi í Helguvíkurbær á næstu þremur árum. Til þess að geta þjónað þessari uppbyggingu þarf Reykjaneshafni að lengja viðlegukant Norðurbakka Helguvíkurhafnar um 100 metra á þessu tímabili, að öðrum kosti takmarkast þjónustugeta

hafnarinnar verulega sem hamlar fyrirhugaðri atvinnuuppbyggingu. Leggja þarf áherslu á að stuðningur við uppbyggingu Helguvíkurhafnar færist framar í framlagðri samgönguáætlun til að fyrirbyggja slíkt og skorar atvinnu- og hafnarráð Reykjanesbæjar á umhverfis- og samgöngunefnd alþingis að tryggja þá breytingu.

10. Cruise Iceland (2025040125)

Tölvupóstur Cruise Iceland, dags. 02.12.2025, lagður fram þar sem kynnt er nefndarálit efnahags- og viðskiptanefndar alþingis um breytingar á gjaldtöku af skemmtiferðaskipum til lækkunar frá því sem er í dag. Álitið er lagt fram á alþingi til umfjöllunar.

Atvinnu- og hafnarráð lýsir ánægju sinni yfir þeim árangri sem náðst hefur í leiðréttingu þeirrar gjaldtöku sem sett var á útgerðir skemmtiferðaskipa við Íslandsstrendur án aðlögunar. Reykjaneshöfn hefur verið að sækja í að þjónusta þennan markað og áðursett álagning hafði neikvæð áhrif á þá vinnu. Er það von atvinnu- og hafnarráðs Reykjanesbæjar að þessi árangur verði staðfestur til framtíðar.

11. Upplýsingagjöf sviðsstjóra (2025010262)

Halldór K. Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs, fór yfir stöðu ýmissa mála er varða starfsemi sviðsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:40



Fundargerð

200. fundur íþrótta- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12
11. desember 2025, kl. 16:30

Viðstaddir: Eva Stefánsdóttir formaður, Hjördís Baldursdóttir, Marta Sigurðardóttir, Sindri Kristinn Ólafsson og Jóhann Gunnar Sigmarsson.

Að auki sátu fundinn Frosti Kjartan Rúnarsson fulltrúi ungmennaráðs og Hafþór Barði Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi sem jafnframt ritaði fundargerð.

Forföll boðuðu Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs og Rúnar Vífill Arnarson formaður ÍRB.

* * *

1. Samningur um umsjón Nettóhallar (2025120021)

Samningurinn lagður fram og samþykktur.

2. Samningur við ÍRB - starfsárið 2026 (2025120037)

Samningurinn lagður fram og samþykktur.

3. Kynning á fjárfestingarverkefnum 2026 (2025110204)

Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu og Guðlaugur Helgi Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs kynntu áætlun um viðhald og rekstur fasteigna fyrir knattspyrnudeildir Keflavíkur og Njarðvíkur árið 2026. Farið var yfir kostnaðarskiptingu á milli mannvirkja og helstu verk sem þörf er á að framkvæma árið 2026 fyrir deildirnar.

4. Erindi ungmennaráðs til íþrótta- og tómstundaráðs (2025120022)

Frosti Kjartan Rúnarsson fulltrúi ungmennaráðs fylgdi eftir tillögum ungmennaráðs Reykjanesbæjar.

Íþrótta- og tómstundaráð þakkar kærlega fyrir kynninguna.

5. Staða félagsmiðstöðva í Reykjanesbæ og framtíðarsýn (2025120059)

Erindi frestað til næsta fundar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:41.



Fundargerð

391. fundur menntaráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910
12. desember 2025, kl. 08:15

Viðstaddir: Sverrir Bergmann Magnússon formaður, Halldór Rósmundur Guðjónsson, Harpa Björg Sævarsdóttir, Ríkharður Ibsen og Sighvatur Jónsson.

Að auki sátu fundinn Sigurbjörg Róbertsdóttir fulltrúi skólastjóra grunnskóla, Ingunn Rós Valdimarsdóttir fulltrúi grunnskólakennara, Ólöf Magnea Sverrisdóttir fulltrúi leikskólastjóra, Anna Lydía Helgadóttir fulltrúi leikskólakennara, Maciej Baginski fulltrúi foreldra leikskólabarna, Haraldur Axel Einarsson grunnskólafulltrúi, Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir leikskólafulltrúi og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Starfsáætlanir leikskóla 2025-2026 (2025110333)

Starfsáætlanir leikskóla Reykjaneshæjar fyrir starfsárið 2024-2025 lagðar fram til kynningar.

Menntaráð Reykjaneshæjar hefur kynnt sér framlagðar starfsáætlanir leikskóla Reykjaneshæjar fyrir skólaárið 2025–2026. Í áætlununum kemur skýrt fram metnaður í faglegu starfi, markviss sýn á velferð og þroska barna og áhersla á leik, vellíðan, læsi, heilsueflingu og skapandi starf. Menntaráð hvetur stjórnendur til að huga að samræmingu starfsáætlana milli leikskóla sveitarfélagsins með menntastefnu Reykjaneshæjar að leiðarljósi.

Starfsáætlanirnar verða aðgengilegar á heimasíðum skólanna.

2. Stækkun leikskóla (2025120154)

Sverrir Bergmann Magnússon formaður menntaráðs og Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs fóru yfir stækkunarmöguleika í leikskólum Reykjaneshæjar.

Menntaráð Reykjaneshæjar hefur kynnt sér framlagt minnisblað um stækkunarmöguleika leikskóla í sveitarfélaginu og fagnar þeim raunhæfu og vel útfærðu kostum sem þar eru lagðir fram. Samkvæmt fyrirliggjandi tillögum er gert ráð fyrir að mögulegt sé að fjölga leikskólaplássum um samtals um 120–130 börn með stækkun núverandi leikskóla, sem jafngildir í reynd uppbyggingu eins nýs leikskóla. Menntaráð telur slíkar stækkanir mikilvægt og hagkvæmt skref til að mæta aukinni þörf fyrir leikskólapláss og leggur áherslu á áframhaldandi vinnu við mat, forgangsörðun og útfærslu með hliðsjón af svæðisbundinni þörf, rekstrarhagkvæmni og heildarhagsmunum barna og fjölskyldna í Reykjaneshæ.

Menntaráð felur sviðsstjóra menntasviðs að vinna málið áfram.

3. Snemmbær stuðningur - aðkoma sálfræðinga (2025100315)

Einar Trausti Einarsson forstöðusálfræðingur mætti á fundinn og kynnti framgang átaksverkefnis sem unnið hefur verið síðastliðið ár í því skyni að fækka börnum sem bíða eftir athugunum sálfræðinga hjá skólaþjónustu menntasviðs. Verkefnið hefur gengið afar vel og samkvæmt áætlun. Á 12 mánaða tímabili hefur börnum sem bíða eftir aðkomu sálfræðinga fækkað um þriðjung og biðtími styst um fjórðung.

Menntaráð Reykjanesbæjar fagnar þeim góða árangri sem náðst hefur í átaksverkefni menntasviðs sem miðar að því að stytta bið barna eftir þjónustu sálfræðinga hjá skólaþjónustu. Fram kemur að markvissar aðgerðir, breytt verklag og aukin áhersla á snemmbæran stuðning hafi skilað verulegri fækkun barna á biðlista og bættri þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra. Það er ánægjulegt að sjá að átaksverkefnið er að ganga vel og hefur leitt til raunhæfra og varanlegra umbóta í þjónustunni. Menntaráð þakkar starfsfólki skólaþjónustunnar fyrir faglegt og árangursríkt starf og leggur áherslu á að haldið verði áfram á þessari jákvæðu braut.

4. Skólafélagsráðgjafar (2025120157)

Haraldur Axel Einarsson grunnskólafulltrúi fór yfir upplýsingar varðandi stöður skólafélagsráðgjafa í grunnskólum Reykjanesbæjar.

Í sex af sjö grunnskólum Reykjanesbæjar er skólafélagsráðgjafi eða ígildi þess starfs. Helstu verkefni ráðgjafa eru stuðningur og ráðgjöf við nemendur og fjölskyldur, snemmtæk íhlutun og þátttaka í teymisvinnu. Reynslan er mjög jákvæð og vilji er til að efla þessa þjónustu enn frekar í öllum skólum.

5. Erindi ungmennaráðs til menntaráðs (2025110312)

Málinu er frestað til næsta fundar.

6. Fjárfestingar á menntasviði 2026 (2025120162)

Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu mætti á fundinn og kynnti fjárfestingaáætlun menntasviðs fyrir árið 2026.

7. Skólalóðir grunnskóla (2025120163)

Hreinn Ágúst Kristinsson deildarstjóri eignaumsýslu mætti á fundinn.

Erindi frá Sigurbjörgu Róbertsdóttur, fulltrúa skólastjóra grunnskóla í menntaráði lagt fram og fylgdi hún því eftir. Þar er vakin athygli á stöðu skólalóða í sveitarfélaginu og óskað eftir svörum um stöðu og áform sem tengjast fullnaðarframkvæmdum og fjármögnun á næstu árum. Einnig var lagt fram minnisblað frá eignaumsýslu Reykjanesbæjar þar sem farið er yfir stöðu mála varðandi framkvæmdir á skólalóðum og áætlun fyrir árið 2026.

Eignaumsýsla Reykjanesbæjar og starfshópur um endurnýjun skólalóða munu hittast og fara yfir stöðu málsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:15.